

Almennir skilmálar vegna peningamarkaðsinnlána (heildsöluinnlána) hjá Arion banka hf.

1. Almenn

Þessir almennu samningsskilmálar gilda um öll peningamarkaðsinnlán viðskiptamanns hjá Arion banka hf. kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík (hér eftir „bankinn“) og er tilgangur skilmálanna að lýsa réttarsambandi Arion banka og viðskiptavinar vegna peningamarkaðsinnlána, því hvernig samningur kemst á og hvernig samskipti aðila fara fram, því við hvaða aðstæður Arion banka er heimilt að halda eftir greiðslum og skuldajafna peningamarkaðsinnlánnum og að síðustu lýsa því hvaða reglur gilda um framsal og veðsetningu peningamarkaðsinnlána.

Vakin er athygli á því að almennir markaðsskilmálar fyrir verðbréfavíðskipti milli Arion banka hf. og viðskiptavina bankans og almennir viðskiptaskilmálar Arion banka kunna einnig að gilda um viðskipti milli Arion banka og viðskiptavina hans og koma þeir þá til fyllingar skilmálum þessum eftir því sem við á. Skilmálar þessir um peningamarkaðsinnlán ganga framur hinum framangreindu almennu viðskiptaskilmálum Arion banka hf., reynist ósamræmi þar á milli, enda falli viðskiptin eða þjónustan undir skilmála þessa. Almennu samningsskilmálarnir eru aðgengilegir á vefsíðu bankans, www.arionbanki.is.

2. gr. Peningamarkaðsinnlán, lánstími og dagaregla

Peningamarkaðsinnlán hjá Arion banka hf. felur í sér lántöku bankans hjá innlánsþafa í formi innlagnar innlánsþafa á fjármunum inn á bankareikning í eigu bankans, án þess að innlánið myndi innstæðu á greiðslureikningi í eigu innlánsþafa hjá bankanum. Peningamarkaðsinnlán hjá Arion banka hf. fela ekki í sér greiðsluþjónustu samkvæmt lögum nr. 120/2011 um greiðsluþjónustu.

Peningamarkaðsinnlán byggir á beiðni viðskiptamanns þar um, sem kann að hafa verið sett fram munnlega (þ.m.t. í síma), skriflega eða með rafrænum hætti við starfsmenn bankans. Dagurinn þegar samningur um innlán kemst á milli bankans og viðskiptamanns telst samningsdagur (viðskiptadagur) innlánsins. Innlán samkvæmt samningnum telst stofnað á þeim degi þegar þeir fjármunir sem viðskiptamaður leggur inn til bankans hafa borist inn tilgreindan bankareikning í eigu bankans. Telst sá dagur vera fyrsti vaxtadagur innlánsins nema annað sé tekið fram.

Bankinn mun senda viðskiptamanni einhliða staðfestingu fyrir innláninu og skilmálum þess þegar peningamarkaðsinnlán viðskiptamanns hefur borist bankanum. Staðfestingin verður send á það netfang sem viðskiptamaður hefur tilgreint í samskiptum sínum við bankann. Í staðfestingunni koma fram upplýsingar um höfuðstól peningamarkaðsinnlánsins, vaxtakjör, samningsdag, viðskiptadag, gjalddaga, greiðslu á gjalddaga, sem og aðrir þeir skilmálar sem bankinn og viðskiptamaður kunna að hafa komið sér saman um.

Gerir viðskiptavinur ekki athugasemdir við efni staðfestingarinnar með sannanlegum hætti innan 1 dags frá dagsetningu hennar skal litið svo á að staðfestingin, ásamt skilmálum þessum, hafi að geyma rétt og umsamin efnisatriði skuldbindandi samkomulags bankans og viðskiptamanns um peningamarkaðsinnlánið, nema um augljósar villur sé að ræða. Bankanum er heimilt að leiðrétta augljósar villur án samþykkis viðskiptamanns.

Staðfesting bankans á peningamarkaðsinnláni samkvæmt ofangreindu telst ekki vera fjármálagerningur í skilningi 2. t.l., 1. mgr. 2. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Með því að stofna til peningamarkaðsinnláns hjá bankanum telst viðskiptamaður staðfesta að hann hafi áður kynnt sér eðli peningamarkaðsinnlána og að hann hafi í því efni notið ráðgjafar sérfræðinga utan bankans að því marki sem viðskiptamaður hefur talið þurfa. Viðskiptamanni er ljóst að peningamarkaðsinnlán njóta ekki tryggingarverndar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, sbr. ákvæði laga nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Viðskiptamaður getur ekki aukið við peningamarkaðsinnlán sitt hjá bankanum á gildistíma peningamarkaðsinnlánsins. Bankinn mun fara með frekari innlegg viðskiptamanns inn á reikning bankans sem nýtt peningamarkaðsinnlán og senda viðskiptavini staðfestingu vegna slíks, sbr. 1. mgr. þessarar greinar. Við þessar kringumstæður aðstæður ákvarðar bankinn vexti slíks innláns byggt á þeim markaðsaðstæðum sem uppi eru þegar slíkt viðbótar innlegg greiðist bankanum.

3. gr. Vextir og vaxtatímabil

Bankinn greiðir umsamda vexti af peningamarkaðsinnláninu. Vextir eru fastir út gildistíma innlánsins, nema sérstaklega sé samið um annað og slíkt samkomulag sé tilgreint í þeirri staðfestingu sem vísað er til í grein 2.

Peningamarkaðsinnlán ber vexti frá og með þeim degi er innlán viðskiptamanns berst inn á reikning bankans og til og með dagsins fyrir umsaminn gjalddaga (vextir falla ekki á innlánið á gjalddaga). Vextir reiknast daglega af upphæð peningamarkaðsinnlánsins, en vextir leggjast ekki við höfuðstól og peningamarkaðsinnlánið ber ekki vaxtavexti.

4. gr. Útborgun og gjalddagi

Á gjalddaga er peningamarkaðsinnláninu ásamt áföllnum vöxtum að frádregnum fjármagnstekjuskatti og öðrum gjöldum sem kunna að falla til ráðstafað að fullu á þann bankareikning viðskiptamanns sem hann hefur tilgreint í samskiptum sínum við bankann.

Peningamarkaðsinnlánið er ekki laust til útborgunar fyrr en á gjalddaga og viðskiptamaður hefur engar heimildir til að (i) gjaldfella peningamarkaðsinnlánið, (ii) segja upp eða (iii) rifta samningnum um peningamarkaðsinnlánið fyrir umsaminn gjalddaga þess.

Ef bankinn heimilar útborgun peningamarkaðsinnláns fyrir gjalddaga ber viðskiptamanni að greiða úttektargjald sem ákveðið er einhliða af bankanum. Bankinn ákveður úttektargjald með hliðsjón af (i) þeirri upphæð sem koma á til útborgunar, (ii) fyrirhuguðum gjalddaga, (iii) markaðsaðstæðna á fjármálamörkuðum og (iv) þeirra lánskjara sem bankinn nýtur á hverjum tíma.

5. gr. Réttur til að halda eftir greiðslu og skuldajöfnun

Bankanum er heimilt, en ekki skylt, að halda eftir endurgreiðslu peningamarkaðsinnláns ef viðskiptamaður hefur vanefnt aðrar skuldbindingar sínar gagnvart bankanum Gildir einu hvort sú skuldbinding leggur greiðsluskyldu á viðskiptamann eða hún er til komin vegna ábyrgðar sem hann hefur undirgengist fyrir þriðja aðila.

Ef einhver skuldbinding viðskiptamanns gagnvart bankanum er gjaldfelld er bankanum heimilt að beita skuldajöfnuði þannig að peningamarkaðsinnláninu ásamt áföllnum vöxtum verði ráðstafað til greiðslu á skuldbindingu viðskiptamanns gagnvart bankanum og aðeins mismunur komi til greiðslu til viðskiptamanns á gjalddaga, ef einhver er. Bankanum er heimilt að beita skuldajöfnuði án tillits til gjalddaga eða veðsetningar peningamarkaðsinnlánsins.

6. gr. Framsal

Viðskiptamanni er óheimilt að framselja peningamarkaðsinnlán eða veðsetja það án skriflegs samþykkis bankans. Framselji viðskiptavinur peningamarkaðsinnlán, að fengnu samþykki bankans, skal hann afhenda bankanum fullnægjandi gögn um framsalið og nýjan framsalshafa. Bankanum er heimilt að synja um slíkt framsal ef hann telur framlögð gögn ekki fullnægjandi.

7. gr. Önnur ákvæði

Komi upp ágreiningsmál vegna skilmála þessara, skulu slík mál rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur sem einn skal hafa lögsögu til að skera þar úr, að því frátöldu að úrlausnir dómstólsins kunna að sæta kæru eða áfrýjun til æðra dómstigs skv. ákvæðum réttarfarslaga á hverjum tíma.

Ákvæði íslensks réttar og íslensk réttarfrankvæmd gilda um réttarsamband bankans við viðskiptamann að því er varðar peningamarkaðsinnlán hans hjá bankanum.

Skilmálar þessir eru staðlaðir og verður ekki breytt af hálfu viðskiptavinar. Áritanir, útstrikanir, viðbætur eða annars konar breytingar sem viðskiptavinur gerir á þeim hafa ekki gildi gagnvart Arion banka.

Skilmálar þessir gilda um peningamarkaðsinnlán hjá Arion banka hf. frá 1. október 2020